

Mál nr. 246/2018**M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar****Tilkynningarfrestur vegna bílslyss 9.4.2016.****Gögn.**

Málskot móttakið þ. 16.8.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10

Bréf V dags. 24.8.2018 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M lenti í bílslysi 9. apríl 2016. Framkvæmd var matsgerð vegna afleiðinga líkamstjóns M og lá hún fyrir 8. janúar 2018. M taldi afleiðingar slyssins vanmetnar þá og óskaði M eftir mati frá Örorkunefnd sem skilaði álitgerð 27. júlí 2018. Af hálfu M var sent kröfubréf til V, dags. 3. júlí 2018. M segist ekki hafa getað gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins fyrr en hann fékk álit Örorkunefndar, en fram að þeim tíma hafi hann álitnið að áverkar hans væru annaðhvort meinlitlir eða tengdust ekki slysinu og vísar M til vottorðs Ragnars Jónssonar bæklunarlæknis í því sambandi.

V hafnar bótaskyldu og telur að tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga og 1. tl. 26. gr. vátryggingaskilmála hafi verið liðinn þegar slysið var tilkynnt félaginu 3. júlí 2018. V telur að M hafi gert sér grein fyrir atvikum að baki kröfu sinni 17. ágúst 2016 þegar hann veitti lögmanni umboð til að gæta hagsmuna sinna. Þá hafi hann getað gert sér grein fyrir afleiðingunum þegar vottorð Ragnars Jónssonar bæklunarlæknis lá fyrir 28. apríl 2017. V segir að M hafi því haft nægar upplýsingar í síðasta lagi í lok apríl 2017 til að gera sér grein fyrir að afleiðingar slyssins væru varanlegar og í allra síðasta lagi 26. júní 2017 þegar M beindi matsbeiðni sinni til vátryggingafélags. Tilkynningarfrestur hafi því verið liðinn þegar slysið var tilkynnt til félagsins 3. júlí 2018.

Álit.

M leitaði til lögmanns 17.8.2016 vegna afleiðinga slyssins og fól honum að gæta hagsmuna sinna í tengslum við sókn og uppgjör skaða- og/eða tryggingabóta vegna umferðarslyss. Þó varanlegar afleiðingar líkamstjónsins hafi mögulega ekki verið með öllu verið ljósar á þeim tímapunkti verður að telja að M og lögmanni hans hafi þá mátt vera ljóst að atvik að baki slíkri kröfu væru ekki ólíkleg. Miðað við upplýsingar sem koma fram í læknisvottorðum sem liggja fyrir í málinu verður að telja að í allra síðasta lagi hefði M átt að vera ljós atvik sem krafa hans á hendur V er reist á þegar matsbeiðni dags. 26. júní 2017 var undirrituð. Tjón M var ekki tilkynnt til V fyrr en 3. júlí 2018, en þá var árs tilkynningafrestur liðinn skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 25.9.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Jón Magnússon lögfr.